

## **SAMNINGUR UM LEYFI BLACKBERRY-NOTANDA TIL NOTKUNAR Á HUGBÚNAÐI**

**LESTU VINSAMLEGAST ÞETTA SKJAL VANDLEGA ÁÐUR EN ÞÚ SETUR  
HUGBÚNAÐINN UPP EÐA TEKUR HANN Í NOTKUN.**

**Þessi samningur heimilar þér sem viðskiptavini að nota hugbúnaðinn og þar er að finna  
riftunarákvæði vegna bæði ábyrgðar og skaðabótaskyldu.**

Þessi samningur um leyfi BlackBerry-notanda til notkunar á hugbúnaði („Samningurinn”) er lögbundinn samningur annars vegar þín sem einstaklings eða þess lögaðila sem þú kemur fram fyrir hönd, hafir þú umboð til þess að kaupa hugbúnaðinn fyrir hönd fyrirtækis þíns eða annarrar stofnunar („þín”), og hins vegar Research In Motion UK, hlutafélags nr. 4022422 (“RIM”) sem hefur skráð heimilisfang að Centrum House, 36 Station Road, Egham, Surrey, UK TW20 9LF (í sameiningu „samningsaðilar” og hvor um sig sem „samningsaðili”). Hvað notkunarheimild hugbúnaðarins (eins og hann er skilgreindur hér að neðan) og dreifingu hans varðar er RIM er annað hvort beinn eða óbeinn leyfishafi (a) Research In Motion Limited („RIM Canada”) eða eins eða fleiri dótturfyrirtækja þess og samstarfsfyrirtækja (til þessara dótturfyrirtækja og samstarfsfyrirtækja er ásamt RIM Canada vísað til í samningi þessum sem „RIM samstæðunnar”) eða (b) þriðja aðila leyfisveitanda til hvers sem er innan RIM samstæðunnar, þar með talið RIM.

### **VIÐURKENNINGARFERLI**

ÞEGAR ÞÚ STAÐFESTIR SAMÞYKKI ÞITT MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á VIÐEIGANDI HNAPP HÉR AÐ NEÐAN EÐA MEÐ ÞVÍ AÐ SETJA HUGBÚNAÐINN UPP, VIRKJA HANN TIL NOTKUNAR EÐA NOTA, SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ VERA BUNDIN(N) AF SKILMÁLUM SAMNINGS ÞESSA. EF ÞÚ HEFUR EINHVERJAR SPURNINGAR EÐA ÁLITAEFNI UM SKILMÁLA SAMNINGS ÞESSA SKALTU VINSAMLEGAST HAFA SAMBAND VIÐ RIM Á [LEGALINFO@RIM.COM](mailto:LEGALINFO@RIM.COM). Ef þú notar BlackBerry Enterprise miðlaraugbúnað til þess að útvega þér á þráðlausan hátt einhvern þann hluta hugbúnaðarins sem er að finna í handtölvunni þinni, er skilmála fyrir því hugbúnaðarleyfi að finna í þeim samningi

BES um leyfi til notkunar á hugbúnaði sem fylgir BES hugbúnaðinum og þeir skilmálar eiga aðeins við um þá notkun þín á hugbúnaðinum (t.d. BlackBerry Desktop hugbúnaðinum sem lýst er hér að neðan) að hans sé ekki aflað á þráðlausan hátt.

## HÖFNUNARFERLI

EF ÞÚ SAMÞYKKIR EKKI SKILMÁLA SAMNINGSINS HEFUR ÞÚ EKKI LEYFI TIL ÞESS AÐ NOTA HUGBÚNAÐ ÞENNAN OG ÆTTIR AÐ SKILA HONUM TIL RIM EÐA GERA HANN ÓNOTHÆFAN. (A) EF ÞÚ HEFUR KEYPT HANDTÖLVU FRÁ BLACCBERRY SKALTU UMSVIFALAUST SKILA HANDTÖLVUNNI, HUGBÚNAÐI OG ÞVÍ SEM HENNI FYLGIR (ÞAR MEÐ TALIN SKJALFESTING OG UMBÚÐIR) TIL RIM EÐA ÞESS VIÐURKENNDA DREIFINGARAÐILA FYRIR RIM SEM ÞÚ KEYPTIR HANDTÖLVUNA AF, EÐA: (B) EF ÞÚ KEYPTIR HANDTÖLVU AF ÞRIÐJA AÐILA SKALTU STRAX SKILA HUGBÚNAÐINUM EÐA Á ANNAN HÁTT SJÁ SVO UM AÐ HANN SÉ GERÐUR ÓNOTHÆFUR Í SAMRÁÐI VIÐ RIM EÐA ÞANN VIÐURKENNDA DREIFINGARAÐILA FYRIR RIM SEM ÞÚ KEYPTIR AF HANDTÖLVUNA, HUGBÚNAÐ OG ÞAÐ SEM HENNI FYLGIR. Hafir þú þegar greitt fyrir hugbúnaðinn (hugbúnaðurinn er afhentur kaupanda að kostnaðarlausu með sumum handtölvum af þriðja aðila) og/eða fyrir BlackBerry handtölvuna (eftir því sem við á) innan síðustu 90 daga, og afhendir RIM eða þeim viðurkennda dreifingaraðila, sem þú keyptir hugbúnaðinn af fyrir BlackBerry handtölvuna, sönnun þína fyrir kaupunum mun RIM eða viðurkenndi dreifingaraðilinn endurgreiða þér þá upphæð sem þú hefur innt af hendi fyrir þessar vörur. Viljir þú fá hugbúnað eða handtölvu endurgreidda frá þriðja aðila skaltu vinsamlegast hafa samband við viðurkenndan dreifingaraðila þinn fyrir handtölvuna frá þriðja aðila. Takist þér ekki að fá endurgreiðslu fyrir hugbúnaðinn frá viðurkenndum dreifingaraðila skaltu vinsamlegast hafa samband við RIM á [legalinfo@rim.com](mailto:legalinfo@rim.com).

SAMNINGUR ÞESSI HEFUR ENGIN ÁHRIF Á LÖGBUNDIN RÉTTINDI ÞÍN, AÐ ÞVÍ MARKI SEM ÞÚ GÆTIR NOTIÐ ÞANNIG LÖGBUNDINNA RÉTTINDA.

### 1. Skilgreiningar.

Með „þjónustuveitandi þráðlauss sambands” er átt við þann þjónustuveitanda sem býður það þráðlausa netkerfi sem styður við BlackBerry lausn þína. Ef þú vilt fá nánari

upplýsingar um þjónustuveitendur sem styðja við BlackBerry lausn á þínu svæði skaltu vinsamlegast hafa samband við RIM á [legalinfo@rim.com](mailto:legalinfo@rim.com). Ekki þurfa allar handtölvur þá þráðlausu þjónustu sem þjónustuveitandi þráðlauss sambands veitir, til dæmis ekki þær sem settar eru upp til þess eins að virka á staðbundnum þráðlausum netkerfum.

Með „notendur með heimild” er átt við hvern þann starfsmann þinn, ráðgjafa eða sjálfstæða verktaka og hvern þann annan sem þú gefur á einhvern hátt umboð til þess að nota hugbúnaðinn eða þær handtölvu(r) sem hugbúnaðurinn er settur upp á í samræmi við skilmála samnings þessa.

Með „BlackBerry Desktop hugbúnaði” er átt við einkaréttarbundinn skjáborðshugbúnað RIM, algjörlega óháð því í hvaða formi eða miðli hann hefur verið fenginn þér, sem nota má til þess að koma upp og viðhalda samhæfingu á milli handtölvu þinnar og einkatölvu um leiðslu. Sé BlackBerry Enterprise miðlarahugbúnaðurinn notaður til þess að koma upp og samhæfa hugbúnaðinn á handtölvu er BlackBerry Desktop hugbúnaðurinn ekki nauðsynlegur hluti af BlackBerry lausninni, þótt engu að síður megi nota hann til þess að koma á bestri fáanlegri virkni við umsjón á skjáborði.

Með „BlackBerry Enterprise miðlarahugbúnaði” eða „BES hugbúnaði” er átt við einkaréttarbundinn skjáborðshugbúnað RIM, sem er ætlað að tengjast og mynda samræmda tengingu við hugbúnaðarmiðlara (á borð við tölvupóstþjóna) og handtölvur sem geta unnið með þannig einkaréttarbundinn skjáborðshugbúnað RIM. Ekki er gefin notkunarheimild fyrir BlackBerry Enterprise miðlarahugbúnaðinn með samningi þessum.

Með „BlackBerry handtölvu” er átt við þráðlausa handtölvu sem hönnuð er af RIM eða fyrir hönd fyrirtækisins.

Með „BlackBerry Prosumer þjónustu” er átt við hugbúnað og þjónustu sem hönnuð er með það fyrir augum að gefa notendum að minnsta kosti aðgang að hluta af virkni BES hugbúnaðarins án þess að krefjast þess að viðskiptavinir RIM verði sér úti um fyrirtækjahugbúnað fyrir miðlara. Með talin eru tilboð frá RIM á borð við RIM „BlackBerry netþjónustu” og „QuickMail”. Ekki er víst að þinn þjónustuveitandi

þráðlauss sambands þjóði suma þætti BlackBerry Prosumer þjónustu og suma prosumer-þjónustu.

Með „BlackBerry lausn” er vísað til ákveðins hugbúnaðar og einnar eða fleiri eftirtalinnar þjónustu eins og við á á hverjum stað: RIM vöru, skjalfestingar eða BES hugbúnaðar og þjónustu. BlackBerry lausnir kalla í flestum tilfellum á notendaáskrift að þráðlausri þjónustu svo hægt sé að nota BlackBerry lausnina og þú verður að afla þér þeirrar áskriftar hjá Þjónustuveitanda þráðlauss sambands, annað hvort beint eða fyrir atbeina RIM, þar sem það er mögulegt.

Með „Cisco Technology” er átt við hugbúnað, „Lightweight Enhanced Authentication Protocol” (“LEAP”), LEAP tæknilýsingar, Cisco Client Extensions tækni, tæknilegar upplýsingar og algrími þar sem þetta tengist eingöngu LEAP og/eða Cisco Client Extensions, eftir því sem við á.

Með „skjalfestingu” er átt við viðeigandi RIM „uppsetningar- og notkunarleiðbeiningar” eða „notkunarleiðbeiningar” fyrir viðeigandi RIM vöru og/eða gerð og útgáfu hugbúnaðar, og alla aðra staðlaða notandaskjalfestingu sem RIM leggur fram í tengslum við RIM vöru og/eða gerð og útgáfu hugbúnaðar, þar með taldar allar öryggisleiðbeiningar sem RIM tiltekur og eiga við um RIM vöru(r) og/eða sértæka gerð og útgáfu af hugbúnaði. Ef þér er ekki fengin þessi skjalfesting í hendur með handtölvu þinni eða fylgihlutum hennar er hægt að nálgast hana á [www.blackberry.com](http://www.blackberry.com), eða með því að hafa samband við RIM á [legalinfo@rim.com](mailto:legalinfo@rim.com) ef þú hefur ekki aðgang að vefsetrinu.

Með „handtölvu” er átt við (a) BlackBerry handtölvu eða (b) handtölvu frá þriðja aðila.

Með „fulltrúa RIM” er átt við einhvern hluta RIM fyrirtækjasamstæðunnar eða einhvern yfirmann, fulltrúa eða starfsmann hennar.

Með „RIM vöru” er átt við hvort sem er BlackBerry handtölvu og hvaða annan viðbótarbúnað frá RIM fyrir viðkomandi BlackBerry handtölvu að undanþegnum öllum hugbúnaði, þar með talin án takmarkana öll snjallkort (smartkort) eða lesarar fyrir þannig kort.

Með „hugbúnaði” er átt við sérstakan RIM hugbúnað sem þér er fenginn í hendur til notkunar í tengslum við handtölvu sem inniheldur allan þannig BlackBerry Desktop hugbúnað og einkabúnað frá RIM: hugbúnað, fastbúnað, tengibúnað, innihald og önnur gögn sem upprunalega eru í handtölvunni eða sem eru send eða sem RIM gerir á annan hátt aðgengileg fyrir þig til notkunar í handtölvunni frá einum tíma til annars. Hugtakið hugbúnaður nær yfir allan hugbúnað og gögn, sama á hvaða formi efnið er afhent þér eða í hvaða formi þú munt svo nota það. Ef RIM gefur hins vegar ekki annað ótvírætt skriflega til kynna nær hugtakið hugbúnaður ekki til BlackBerry Enterprise miðlarahugbúnaðar eða neins hugbúnaðar frá þriðja aðila, hvort sem hugbúnaður þriðja aðila er afhentur eða starfar í tengslum við hugbúnaðinn og/eða einhvern annan hluta af BlackBerry lausn eða handtölvu þriðja aðila. Öll notkun þannig hugbúnaðar ræðst af samþykki þínu á skilmálum sérstakra hugbúnaðarleyfa sem ná yfir notkun á þessum vörum. Það skal undirstrikað að þannig sérstakt hugbúnaðarleyfi getur ekki undir neinum kringumstæðum haft í för með sér neinar frekari skyldur eða skyldur RIM sem ekki eru í samræmi við ákvæði samnings þessa. Ef þú notar BES hugbúnað til þess að setja hugbúnað af einhverju tagi inn á handtölvu á þráðlausan hátt gilda ákvæði og skilmálar BES hugbúnaðarleyfisins um notkun þína á þeim hugbúnaði en ekki þessi samningur.

Með „þjónustu” er átt við hvaða RIM þjónustu sem er sem þér er veitt í tengslum við BlackBerry lausn, þar með talin án takmarkana hvað RIM þjónusta sem er, svo sem BlackBerry Prosumer þjónusta, sem þú ert áskrifandi að og öll ný RIM þjónusta eða breytingar sem gerðar eru á RIM þjónustu sem fyrir hendi er eða sem þér er annars veittur aðgangur að frá einum tíma til annars.

Með „handtölvu þriðja aðila” er átt við þráðlausan handhaldinn búnað sem framleiddur er og dreift af þriðja aðila sem RIM hefur veitt heimild til að láta þannig búnað virka í tengslum við hugbúnaðinn.

Með „hugbúnaði þriðja aðila” er átt við hugbúnað í eigu þriðja aðila en hugtakið nær ekki yfir hugbúnað frá þriðja aðila sem RIM hefur heimilað að fella inn í RIM hugbúnaðarvöru og til dreifingar sem óaðskiljanlegan hluta þess RIM hugbúnaðar undir vöruheiti RIM. Þrátt fyrir það sem hér hefur komið fram er allur Sun Microsystems Java

hugbúnaður, sem þér er afhentur sem hluti af RIM hugbúnaði til notkunar á handtölvu þriðja aðila, hugbúnaður þriðja aðila sem framleiðandi eða dreifandi handtölva þriðja aðila veitir þér leyfi til að nota samkvæmt sérstökum samningi.

2. Réttur til að nota hugbúnað. Mikilvægasti tilgangur samnings þessa er að veita þér leyfi til þess að nota hugbúnað þann en fjallað er um leyfi hans í 6. ákvæði hér að neðan. Leyfi þitt til þess að nota hugbúnaðinn er háð því annars vegar að RIM séu greidd öll þau gjöld sem tengjast leyfinu og hins vegar að þú samþykkir alla skilmála og ákvæði þess. Berist ekki greiðsla á gjalddaga á hverjum þeim föstu gjöldum eða öðrum kostnaði sem tengist notkun þinni á BlackBerry lausninni er litið á það sem brot á leyfi þessu og það gefur RIM leyfi til þess að segja upp leyfi þínu til þess að nota hugbúnaðinn samkvæmt 15. og 16. ákvæði án þess að þú getir gert kröfu um bætur af neinu tagi. Til að forðast allan misskilning skal það tekið fram að samningur þessi er ekki hluti af kaupum á hugbúnaði og/eða neinum afritum hans.
  
3. Tölvukerfi þín. Ef samningsaðilar hafa ekki sérstaklega tekið það fram skriflega ber þú ein(n) ábyrgð á vali, uppsetningu, gagnkvæmri virkni og virkni hvaða búnaðar þriðja aðila sem er. Ákvæðið nær jafnt til hugbúnaðar, fjarskiptabúnaðar og þjónustu (þar með talin án takmarkana Internet-tengingar og handtölva þriðja aðila, ef við á) sem notuð er í tengslum við BlackBerry lausnina. Þú berð ábyrgð á því að tryggja að tölvukerfið, sem þú kóst að starfrækja BlackBerry lausnina á, uppfylli lágmarkskröfur RIM. Þar eru með talin án takmarkana vinnsluhraði, minni, notandahugbúnaður og aðgengi að til því Internet-aðgengi sem þörf er á fyrir þína sértæku BlackBerry lausn eins og henni er lýst í skjalfestingunni.

4. S/MIME og OpenPGP stuðningur. Hugbúnaðurinn gæti innihaldið hugbúnaðareiningar sem gera notendum kleift að stækka skjáborðsgrundvallaðar S/MIME v.3 (eða stærri) („S/MIME”) útfærslur og skjáborðsgrundvallaðar útfærslur sem byggjast á þráðlausum RFC 2440 stöðlum („OpenPGP”) í sérstakar handtölvur. Þú mátt ekki nota hvern þannig hugbúnað fyrir sig án þess að afla þér fyrst uppsetjara sem þú notar svo sjálfstætt. Sjá má skrá yfir dreifingaraðila viðeigandi uppsetjara á [http://www.blackberry.com/select/legal/smime\\_pgp.shtml](http://www.blackberry.com/select/legal/smime_pgp.shtml). RIM leggur ekki til neinn hluta þess dulmálsfræðiskipulags sem byggist á S/MIME eða OpenPGP og ekki heldur nein önnur dulmálsferli. Þar er með talinn og án takmarkana allur S/MIME hugbúnaður eða OpenPGP grundvallaður hugbúnaður og/eða öll vottunarbjónusta. RIM tekur enga ábyrgð á vali, kaupum, útfærslu, virkni eða bilunum í neinum hluta dulmálsfræðiskipulags þíns. Þar er með talinn og án takmarkana val á, nákvæmni og áreiðanleiki alls S/MIME hugbúnaðar eða OpenPGP grundvallaðs hugbúnaðar (með talinn án takmarkana (Entrust) öryggiskótinn sem fylgir hugbúnaðinum til þess að hægt sé að virkja ákveðið dreifilykilsskipulag). Þar eru einnig með taldir allar öryggisáritanir, dreifilyklar, ábyrgðir þriðja aðila og skyld þjónusta sem notuð er í tengslum við dulmálsfræðiskipulag. RIM ber hvorki ábyrgð á upprunaleika neinnar öryggisáritunar né á aðgerðum eða aðgerðaleyfi ákveðins einstaklings sem staðfestir upprunaleika einhvers einstaklings í dulmálsfræðiskipulagi (þar með taldir allir þeir sem fá upprunaleika sinn staðfestan samkvæmt veftryggðarlíkaninu („the web of trust model”) eða annarra vottunaryfirvalda. Þú verður að tryggja að S/MIME og/eða OpenPGP-grundvölluð útfærsla þín, þar með taldar allar endurnýjanir eða uppfærslur á þannig útfærslum, uppfylli lágmarksstaðla RIM um gagnkvæma virkni og samhæfni eins og þessu er lýst í viðeigandi skjalfestingu og að nýting þín á hugbúnaðinum sé í samræmi við þá skjalfestingu sem á við þá útgáfu hugbúnaðarins. Þér ber einnig skylda til þess að tryggja að þú uppfyllir alla skilmála og skilyrði, reglur og reglugerðir sem varða notkun þína á viðeigandi dulmálsfræðiskipulagi, vottunum, dreifilyklum og allri annarri þjónustu eða hugbúnaði sem þú kannt að nota. Þrátt fyrir alla aðra skilmála samnings þessa, nema þá sem fjallað er um í ábyrgð þeirri sem fylgir hugbúnaðinum eins og fram kemur hér að neðan eða sem sérstaklega er fjallað um í lögum, ber RIM enga ábyrgð með tilliti til S/MIME studdrar hugbúnaðareiningar, OpenPGP-grundvallaðrar hugbúnaðareiningar



og/eða viðeigandi uppsetjara sem kunna að fylgja með sem hluti hugbúnaðarins. Áhersla er lögð á að RIM BER ALLS ENGA ÁBYRGÐ Í NEINUM ÞEIM MÁLUM SEM UPP KUNNA AÐ RÍSA Í TENGLUM VIÐ EÐA VEGNA S/MIME OR OPENPGP-GRUNDVALLAÐRA ÚTFÆRSLNA, OG/EÐA NEINNA ENDURNÝJANA EÐA UPPFÆRSLNA ÞEIRRA.

5. Að nota BlackBerry lausn. Þú berð ábyrgð á allri starfsemi sem varðar BlackBerry lausnina sem þú eða þínir notendur með heimild og þér ber að tryggja að:

þú og þínir notendur með heimild noti BlackBerry lausnina og hvaða hluta hennar sem er eingöngu í samræmi við samning þennan og viðeigandi skjalfestingu með BlackBerry lausninni eða hlutum hennar,

þú hafir rétt og umboð til að gera þennan samning, annað hvort fyrir þína eigin hönd eða fyrir hönd fyrirtækis eða annarrar lögpersónu, og að þú sért orðin(n) lögráða að aldri,

allar upplýsingar sem RIM fær í samræmi við samning þennan séu réttar, nákvæmar, nógildandi og ítarlegar,

þú og þínir notendur með heimild muni ekki vitandi vits, eftir að hafa aflað sér upplýsinga sem sanngjarn maður í þinni stöðu eða notenda þíns með heimild myndi gera, nota eða heimila öðrum að nota BlackBerry lausn eða hluta hennar, hvort sem er sjálfstætt eða í sambandi við annan hugbúnað eða gögn, á þann hátt sem að sanngjörnu mati RIM truflar, rýrir eða vinur á einhvern hátt gegn einhverjum hugbúnaði, kerfi, netkerfi eða gögnum sem notuð eru af einhverjum. Þar eru með talin RIM, RIM samstæðan, þjónustuveitandi þráðlauss sambands og allir viðskiptavinir þessara fyrirtækja, vörur eða þjónusta. Þér ber umsvifalaust að hætta allri þannig starfsemi ef RIM sendir þér tilkynningu þar að lútandi,

þú og þínir notendur með heimild sendi ekki skilaboð eða upplýsingar sem áreita, angra eða eru meiðandi, ólögleg eða til þess fallin að blekkja fólk með því að nota BlackBerry lausn eða hluta hennar,

þú og þínir notendur með heimild noti ekki BlackBerry lausn eða hluta hennar til þess að drýgja eða reyna að drýgja glæp eða að stuðla að framkvæmd glæps af hvaða toga sem er eða annars ólöglegs eða sviksamlegs athæfis,

þú og þínir notendur með heimild selji hvorki né afhendi, eða reyni að selja eða afhenda hugbúnaðinn eða einhvern hluta hans eða heimild þína til þess að nota þjónustuna eða einhvern hluta hennar, eða starfrækja þjónustuskrifstofu eða sambærilega þjónustu með því að lána hugbúnaðinn til einhvers annars eða nota hann með annarri handtölvu án ótvíræðs skriflegs leyfis RIM, og

þú og þínir notendur með heimild vinni með RIM og leggi fram þær upplýsingar sem RIM fer fram á til þess að aðstoða RIM við rannsókn eða til að ákveða hvort brot hafi verið framið gegn 5. ákvæði eða einhverju öðru ákvæði samnings þessa og að veita RIM aðgang að húsnæði og tölvum þar sem RIM-vörur eru að hafa verið í notkun. Þú heimilar hér með RIM að vinna í samstarfi við: (1) lögregluþyriföld að rannsóknum á málum þar sem grunur leikur á glæpsamlegu atferli, (2) þriðja aðila að rannsóknum á brotum gegn samningi þessum, og (3) kerfisstjóra þjónustuveitenda á Interneti, í netkerfum eða í tölvuþjónustufyrirtækjum til þess að uppfylla samning þennan. Samstarfið gæti falist í því að RIM gefur upp notendanafn þitt, IP-tölu eða aðrar auðkennandi upplýsingar um þig eða notendur þína með heimild.

6. Hugbúnaður og skjalfesting leyfis. Með samingi þessum og samkvæmt skilmálum hans og skilyrðum er þér veitt leyfi, sem ekki er einkaréttarleyfi og ekki er hægt að framselja, til að setja upp og nota eitt eintak af hugbúnaði í handtölvu og eitt eintak af BlackBerry Desktop hugbúnaði í að hámarki einni einkatölvu og eingöngu í tengslum við notkun þína á stakri handtölvu. Þú mátt ekki nota eða leyfa notkun á hugbúnaðinum í öðrum tilgangi en fyrir þína eigin og persónulegu notkun eða, ef þú leyfir þannig notkun, í persónulegum tilgangi fyrir notendur þína með heimild. Þetta leyfi felur ekki í sér nein seinni tíma réttindi til uppfærslu eða endurnýjunar á hugbúnaðinum eða getunni til þess að fá aðgang að öðrum búnaði en þeim sem upprunalega var fyrir á handtölvunni eða til að afla sér nýrrar eða breyttrar þjónustu. Ef þú ræður yfir upplýsingatæknideild má hún setja upp BlackBerry lausnina til þess að fyrirbyggja flutning viðbóta eða breytinga í hugbúnaðinn, hugbúnað þriðja aðila eða þjónustu. Ef upplýsingatæknideild þín fyrirbyggir ekki þannig flutning getur RIM veitt þér aðgang að þannig viðbótum og breytingum frá einum tíma til annars. Ef RIM gerir einhverjar viðbætur eða breytingar á hugbúnaðinum eða þeirri þjónustu sem þú hefur aðgang að, annað hvort beint eða með aðstoð dreifingaraðila (þar með talinn þinn þjónustuveitandi þráðlauss sambands) gilda skilyrði og skilmálar sammings þessa um þær viðbætur og breytingar eða ef umræddur hugbúnaður eða þjónusta er ótvírætt ætlaður þér samkvæmt öðrum skilyrðum og skilmálum, þá samkvæmt þeim skilyrðum og skilmálum (sem gætu falið í sér greiðslu viðbótargjalds). Sé hugbúnaður einhvers þriðja aðila lagður fram skulu skilyrði og skilmálar sammings þessa um hugbúnað þriðja aðila gilda til viðbótar öllum sjálfstæðum leyfissamningum um viðkomandi vöru. Þú mátt hvorki prenta, afrita, endurrita, dreifa, breyta, gefa út, sýna opinberlega, miðla eða á annan hátt fjölfalda og veita aðgang að hugbúnaðinum, hvorki að hluta til né í heilu lagi, nema að því marki sem RIM er ótvírætt lögum samkvæmt bannað að koma í veg fyrir þá starfsemi. Í þessum skilmálum vísar það að „afrita eða fjölfalda“ ekki til afritunar yfirlýsinga og leiðbeininga með hugbúnaðinum sem eðlilegt má telja að eigi sér stað við eðlilega nýtingu forritsins þegar það er notað í samræmi við og í þeim tilgangi sem lýst er í skjalfestingu notanda eða þegar verið er að gera óbreytt reglubundin öryggisafrit af hugbúnaðinum eða af tölvunni eða kerfinu þar sem hugbúnaðurinn er uppsettur í samræmi við hefðbundnar starfsvenjur í greininni. Það má ekki afrita neina skjalfestingu eða neinn hluta hennar nema RIM veiti sérstaklega til þess

skriflega heimild. Þú mátt afrita eitt eintak af skjalfestingunni frá <http://www.blackberry.com/> og eingöngu til þinnar einkanotkunar í tengslum við þá notkun hugbúnaðarins sem heimilaður er hér að neðan.

7. Þráðlaus þjónusta. Sú þráðlausa þjónusta sem í boði er til notkunar með BlackBerry lausn („þráðlaus þjónusta“) er þér veitt af þjónustuveitanda þráðlauss sambands og um hana gilda skilyrði og skilmálar þjónustuveitanda þannig þráðlausrar þjónustu að því sem þeir eiga við um þráðlausa þjónustu. RIM BER ALLS ENGA ÁBYRGÐ GAGNVART ÞÉR EÐA NEINUM ÞRIÐJA AÐILA SEM GERIR KRÖFUR FYRIR EÐA UM ÞIG VEGNA ÞEINS MÁLEFNIS SEM VARÐAR ÞRÁÐLAUSA ÞJÓNUSTU. ÞAR ER MEÐ TALID ÁN TAKMARKANA NÁKVÆMNI, STUNDVÍSI EÐA SAMFELLT AÐGENGI AÐ ÞANNIG ÞRÁÐLAUSRI ÞJÓNUSTU. WLAN-búnaður krefst ekki þráðlausrar þjónustu sem veitt er af þjónustuveitanda þráðlauss sambands en þú verður að taka í notkun viðeigandi þráðlausan búnað fyrir staðbundið net (WLAN) eða hafa heimilt aðgengi að viðeigandi þráðlausum búnaði fyrir staðbundið net þannig að WLAN búnaður geti virkað með BlackBerry lausn þinni.

8. Efni og þjónusta frá þriðja aðila. RIM gæti gefið kost á ákveðnu efni frá þriðja aðila sem hluta af nýtingu ákveðinna BlackBerry lausna, til dæmis skjölum frá þriðja aðila, gagnagrunnum og vefsetrum. RIM gæti einnig miðlað efni frá þriðja aðila til þín („efni frá þriðja aðila”) og gefið þér upp krækjur (annað hvort með tákmyndum eða bókamerkjum) til að tilgreina vefsetur þriðja aðila („tengd vefsetur”) og komast á aðrar vefsíður („aðrar vefsíður”) eða upplýsingar sem gera þér kleift að: (a) fá aðgang að efni frá þriðja aðila á handtölvu þinni, eða (b) að fá aðgang að þjónustu sem veitt er af öðrum en RIM („þjónustu þriðja aðila”) frá þannig vefsetrum. Þótt þér séu útvegaðar krækjur að vefsetri eða á annan hátt veittur aðgangur að efni frá þriðja aðila þýðir það engan veginn að RIM ábyrgist, sé tengt eða á hafi á annan hátt stjórn á því vefsetri eða efni á því. Það er RIM ánægjuefni að geta boðið þér þessa þætti í ákveðnum handtölvum en það er einungis hægt að því gefnu að þú skiljir, viðurkennir og samþykkir ótvírætt að ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA, TENGD VEFSETUR, ÖNNUR VEFSETUR OG EFNI FRÁ ÞRIÐJA AÐILA SÉ EKKI Í UMSJÁ RIM, AÐ RIM ÁBYRGIST ÞAÐ EKKI Á NEINN HÁTT OG AÐ RIM BERI HVORKI ÁBYRGÐ Á EFNINU, NOTKUN ÞESS, FLUTNINGI, AFKÖSTUM ÞESS EÐA SKORTI Á AFKÖSTUM neinna þannig upplýsinga, vefseturs eða þjónustu. Þar er með talið án takmarkana nákvæmni, stundvísi, framfylgd höfundarréttar, lögmæti, siðsemi og allir aðrir þættir gagna og þjónustu sem aðgengileg er með BlackBerry lausn. RIM getur ekki ábyrgst aðgengi að neinu sérstöku vefsetri með BlackBerry lausn. Ef vafi leikur á hvort RIM sé upphafsaðili vefseturs eða efnis skaltu vinsamlegast hafa samband við RIM á [legalinfo@rim.com](mailto:legalinfo@rim.com). Ef þú skiptir við þriðju aðila á Internetinu skaltu gæta þess að vita við hvern þú skiptir og að þú vitir um þá skilmála og skilyrði sem sett er á vefsetrunum og þá þjónustu sem þú gætir fengið. Þar eru með taldir og án takmarkana skilmálar um afhendingu og greiðslu, möguleiki til að skila vörum, trúnaðarskilmálar og öryggisþættir til að vernda persónubundnar upplýsingar og tryggja persónulegt öryggi þitt. Ef þú gerir samninga við þriðju aðila á Internetinu berð þú ábyrgð á að uppfylla skilyrði og skilmála þeirra samninga.

9. Hugbúnaður þriðja aðila. RIM gæti útvegað þér eða boðið þér á annan hátt frá einum tíma til annars aðgang að hugbúnaði þriðja aðila til notkunar í handtölvunni þér að kostnaðarlausu (burtséð frá þeim gjöldum sem þjónustuveitandi þráðlauss sambands krefst) til þess að auka enn frekar notkunarmöguleika þína á BlackBerry lausninni. RIM getur því aðeins boðið þér þennan hugbúnað þér að kostnaðarlausu að þú skiljir, samþykkir og viðurkennir að þannig hugbúnaður er: (a) afhentur einungis þér til hægðarauka, og (b) háður skilyrðum og skilmálum samnings þessa líkt og um hugbúnað væri að ræða, nema hvað RIM afhendir hann „EINS OG HANN ER” án neinna yfirlýstra eða innifalinnna skilyrða, framsals, trygginga, lýsinga eða ábyrgðar. Ef þú vilt komast yfir hugbúnað þennan með öðrum skilmálum ættir þú að kaupa þennan hugbúnað þriðja aðila beint frá seljendum hans. Áhersla er lögð á að þetta ákvæði gildir ekki um neinn Java-kóta frá Sun Microsystems Inc. sem notaður er á handtölvu þriðja aðila og sem framleiðandi eða dreifandi handtölvu þriðja aðila veitir þér leyfi til að nota.
10. Hugverkæign. RIM ræður yfir öllum réttindum og mun gera það áfram. Hvorki þú né notendur þínir með heimild eignast neina hugverkæign eða önnur séreignaréttindi á grundvelli samnings þessa. Þetta á jafnt við um sérleyfi, hönnun, vörumerki, höfundarrétt, gagnagrunnarétt eða rétt á hvaða trúnaðarupplýsingum eða viðskiptaleyndarmálum sem er, hvort sem þau tengjast BlackBerry lausnum eða einhverjum hluta þeirra. Þú öðlast heldur ekki neinn rétt í eða tengdan BlackBerry lausn eða hluta hennar annan en þann rétt sem lýst er yfir að þú hafi fengið leyfi fyrir samkvæmt samningi þessum eða með öðrum skriflegum samningi sem þú og RIM gætuð hafa náð gagnkvæmu samkomulagi um. Öll réttindi eru áskilin önnur en þau sem ekki er lýst óvírætt hér. Hugbúnaðarleyfið er gefið þér einum/einni eins og skýrt hefur verið kveðið á um í samningi þessum og kanadísk, bandarísk og alþjóðleg lög um höfundarrétt og einkaleyfi auk alþjóðlegra sáttmálaákvæða ná til allrar skjalfestingar og vefsetra sem gera þér kleift að nálgast alla þjónustu. Sé brotið gegn ákvæðum um hugverkæign þýðir það alvarlegar refsingar samkvæmt bæði hegningarlögum og einkarétti. Þú samþykkir að ekkert í samningi þessum vinni á neinn hátt gegn neinum réttindum og aðgengi að hverjum þeim úrræðum sem RIM gæti gripið til samkvæmt öllum viðeigandi lögum og varða vernd hugverkæignar RIM og annarra sérréttinda.

11. ”Cisco Non-Assert Pass-through”. Ef BlackBerry lausnin sem þú kaupir inniheldur einhverjar tæknilausnir frá Cisco samþykkir þú vegna réttis þíns til að nota Cisco tæknilausnirnar að beita engum einkaleyfisrétti sem varðar tæknilausnir Cisco gegn Cisco, viðskiptavinum Ciscos, dreifingaraðilum Ciscos eða leyfishöfum á tæknilausnum Cisco fyrir að búa til, hafa búið til, að nota, selja, boðið til sölu eða flutt inn vörur sem uppfylla tæknilausnir Cisco eða útfæra þær.

12. Takmarkanir á útflutningi, réttindi bandarískra stjórnvalda.

Þú viðurkennir að hugbúnaðurinn felur í sér dulmálshugbúnað sem gæti verið eftirlitsskyldur vegna innflutnings, útflutnings eða vegna laga og reglugerða í því landi eða löndum og eða yfirráðasvæði/svæðum þar sem hugbúnaðurinn er notaður („viðeigandi lög”). Þú samþykkir að flytja ekki út, endurflytja ekki út, aðstoða ekki eða á neinn hátt stuðla að útflutningi eða endurútflutningi nokkurra hluta af BlackBerry lausninni (i) til neins lands sem er á svæðiseftirlitslista Kanada, (ii) til neins lands sem viðskiptabann eða aðgerðir öryggisráðs SP ná til, (iii) gegn viðfangsefni 5505 á útflutningslista Kanada, (iv) til landa sem efnahagsaðgerðir og viðskiptabönn Bandaríkjanna ná til, og (v) til einstaklinga eða lögaðila sem bannað er að taka á móti útfluttum varningi frá Bandaríkjunum eða vörum sem upprunnar eru í Bandaríkjunum. Þú getur haft samband við RIM á [legalinfo@rim.com](mailto:legalinfo@rim.com). Þú lýsir því hér með yfir að: (1) eftir því sem þú veist best hafir þú rétt til þess að taka við varningi og hugbúnaði framleiddum af RIM samkvæmt viðeigandi lögum, (2) þú hyggst flytja inn, flytja út eða endurflytja út varning og hugbúnað framleiddan af RIM til, eða nota varning og hugbúnað framleiddan af RIM í hvaða landi eða yfirráðasvæðis eingöngu í samræmi við viðeigandi lög, og (3) þú ætlar að ganga úr skugga um að notendur með heimild noti varning og hugbúnað framleiddan af RIM í samræmi við fyrrnefndar takmarkanir.

Þú samþykkir að ábyrgjast RIM og þjónustuveitanda þráðlauss sambands beri engan skaða af kröfum, aðgerðum, málssóknum eða kostnaði (þar með talin sanngjörn

laun til lögmanna) sem leiða af því að þér tekst ekki að uppfylla löggildingar og skuldbindingar í þessu ákvæði.

13. Öryggi. Þú samþykkir að bera fulla ábyrgð á því að gera viðeigandi öryggisráðstafanir til þess að tryggja eftirlit með aðgengi annarra að BlackBerry handtölvunni þinni og hugbúnaðinum.

14. Þagnarskylda.

Þú viðurkennir og samþykkir að hugbúnaðurinn var þróaður af RIM og/eða RIM samstæðunni og að töluverðu var kostað til hans, bæði í tíma og peningum, að þagnarskylda nær til hans og að hann býr yfir viðskiptaleyndarmálum RIM og/eða RIM samstæðunnar. Þú samþykkir að sýna fyllstu þagnarskyldu um hugbúnaðinn og ekki að upplýsa um hann eða veita neinum aðgang að honum til þess að nýta sér þau réttindi sem leyfið felur í sér og hér hefur verið lýst, nema notendum þínum með heimild. Þér er ekki heimilt að afla þér eða nota neinn frumkóta fyrir hugbúnaðinn og samþykkir, að undanteknu að því marki sem RIM er ótvírætt og lögum samkvæmt óheimilt að banna þá starfsemi, að þú eða notendur þínir með heimild muni hvorki breyta, lagfæra, aðlaga, búa til afleidd verk, þýða, spilla, bakþýða, baksmala eða afhanna hugbúnaðinn, eða gera tilraun til þess eða að leyfa, samþykkja, heimila eða hvetja einhvern annan til þess að gera slíkt hið sama. Í samningi þessum er með hugtakinu «að afhanna» (Reverse Engineer) átt við hvers konar verk til ógildingar, þýðingar, sundurtektar, afkótunar eða niðurrifs (þar með taldar allar hliðar þess að „demba RAM/ROM eða varanlegri geymslu” (dumping of RAM/ROM or persistent storage), „að þefa uppi þráð eða þráðlaus tengi” (cable or wireless link sniffing), „sundurgreiningu á samskiptareglum” (protocol analysis) eða „svarta-kassa-afhönnun” (black box reverse engineering) á gögnum, hugbúnaði (þar með talið tengiflötum og öðrum gögnum sem falin eru í eða notuð í samhengi við forrit sem kannski eru tæknilega séð ekki talin til hugbúnaðarkóta) eða vélbúnaði eða öðrum aðferðum eða ferli til að afla sér eða breyta hver konar upplýsingum, gögnum eða hugbúnaði frá einhverju formi í form sem menn geta lesið.



15. Gildistímabil.

Samningur þessi tekur gildi um leið og þú samþykkir að vera bundinn af skilmálum hans (eins og lýst var í formálanum hér að ofan) og gengur úr gildi þegar hann rennur út eða er sagt upp í samræmi við ákvæði þau sem hér koma fram.

RIM áskilur sér rétt, algjörlega að eigin vild og án þess að sú uppsögn geti kallað á ábyrgðarskyldu eða hafi neina ábyrgð í för með sér, til að segja samningi þessum upp ef til þess kemur að öll nauðsynleg þráðlaus þjónusta verði óaðgengileg.

Sé samningnum sagt upp hefur RIM einnig rétt til þess að loka fyrir allan gagnaflutning til og frá handtölvunum.

Sé samningi þessum sagt upp eða hann rennur út, sama hver ástæðan er, hættir þú umsvifalaust allri notkun hugbúnaðarins og afmáir og/eða eyðir öllum afritum af BlackBerry Desktop hugbúnaðinum og þeim afritum sem gerð hafa verið í samræmi við samning þennan, burtséð frá því á hvaða formi þau afrit eru.

Verði einhverjum viðskiptareikningi sem þú gætir átt hjá RIM sagt upp veitir þú RIM hér með heimild til þess að eyða öllum skrám, forritum, gögnum og tölvupósti sem tengjast þeim reikningi án þess að tilkynna þér um það.

16. Úrræði og uppsögn vegna vanrækslu.

Ef þú eða notendur þínir með heimild brjóta gegn samningi þessum gæti RIM, til viðbótar öllum öðrum rétti sínum og úrræðum sem þessi samningur og landslög gefa kost á, sagt samningnum upp og öllum öðrum leyfissamningum sem þú og RIM hafa gert um notkun einhvers annars hluta af þeirri BlackBerry lausn sem þú eða hugbúnaðarnotendur þínir nota með heimild með því einu að senda þér tilkynningu um þannig uppsögn.

RIM getur sagt samningnum upp og/eða hætt án fyrirvara að veita þjónustuna án þess að þurfa að bæta það þér eða notendum þínum með heimild á neinn hátt ef RIM getur ekki veitt einhvern hluta þjónustunnar eða hana alla af ástæðum sem rekja má til laga, reglugerða, krafna eða samþykkt, í hvaða formi sem það er gert, af

dómstólum eða öðrum yfirvöldum, eða ef opinber stofnun eða ráðuneyti tilkynnir að RIM hafi ekki leyfi til þess að veita einhvern hluta þjónustunnar eða hana alla. Ekkert í samningi þessum skal túlkað þannig að RIM sé skuldbundið til þess að leita undanþágu frá neinum þannig lögum, reglum, reglugerð eða takmörkun, leita réttarfarslegrar endurskoðunar eða áfrýja úrskurði neins dómstóls.

RIM ber enga skaðabótaábyrgð gagnvart þér eða notendum þínum með heimild sem rís af uppsögn samnings þessa í samræmi við þetta ákvæði eða tengist því.

17. Skaðabætur viðskiptavinar. Þér ber að verja, bæta og tryggja gegn tjóni RIM og RIM samstæðuna, birgja RIM, arftaka, dótturfyrirtæki, umboðsmenn, viðurkennda dreifingaraðila og tilnefnda aðila og alla forstjóra þeirra, embættismenn, starfsfólk og sjálfstæða undirverktaka (hver um sig er “Aðili að RIM sem haldinn er skaðlaus”) gagnvart öllum kröfum, tjóni, tapi eða kostnaði (þar með talið án takmarkana sanngjarn lögfræðikostnaður og gjöld) sem Aðili að RIM sem haldinn er skaðlaus stofnar til og rís af:

broti þínu gegn 4., 5., 6., 10., 12. eða 14. ákvæði þessa samnings,

vegna ærumeiðinga, slúðurs, ófrægingar eða brota gegn höfundarétti eða annarri hugverkæign eða einkaleyfisrétti hvað varðar efni sem sent er til þín með aðstoð BlackBerry handtölvu, eða

fyrir öll meiðsl, dauðsföll eða eignatjón sem sprettur af vanrækslu eða misferli þín eða notenda þinna með heimild í tengslum við notkun þín eða notenda þina með heimild á BlackBerry lausn eða hluta hennar.

18. Takmarkaðir ábyrgðarskilmálar. ÞÚ VIÐURKENNIR OG SAMÞYKKIR AÐ STAÐA ÞEKKINGAR OG FÆRNI TRYGGIR HVORKI HÖNNUN VILLULAUSRA TÖLVUFORRITA NÉ ÖRUGGAN FLUTNING GAGNA OG ÞESS VEGNA GETUR RIM EKKI ÁBYRGST AÐ BLACKBERRY LAUSN VIRKI ÁN TRUFLANA EÐA SÉ VILLULAUS. ÞÚ VIÐURKENNIR EINNIG OG SAMÞYKKIR AÐ BLACKBERRY LAUSNIN VAR HÖNNUÐ FYRIR ALMENNA NOTKUN EN EKKI SÉRSNIÐIN AÐ ÞÍNUM ÓSKUM OG ÞESS VEGNA GETUR RIM EKKI ÁBYRGST AÐ BLACKBERRY LAUSN HÆFI EINHVERJUM ÁKVEÐNUM TILGANGI. AF ÞESSU LEIÐIR AÐ VÖRURNAR OG/EÐA ÞJÓNUSTAN HENTAR EKKI TIL NOTKUNAR Í BÚNAÐI SEM NAUÐSYNLEGUR Í VINNUMHVERFI (MISSION-CRITICAL) EÐA Í HÆTTULEGU UMHVERFI ÞAR SEM STJÓRNTÆKI VERÐA AÐ VERA TRYGG GEGN BILUNUM. HÉR ER ÁN TAKMARKANA ÁTT VIÐ STJÓRN Í KJARNORKUVERUM, STJÓRN LOFTFARA EÐA FJARSKIPTAKERFA, FLUGUMFERÐARSTJÓRN OG LÍFSHJÁLPARKERFI (LIFE SUPPORT SYSTEMS) EÐA VOPNAKERFI. ÞÚ LÝSIR ÞVÍ YFIR OG ÁBYRGIST AÐ ÞÚ MUNIR VIÐHALDA FULLNÆGJANDI GAGNABJÖRGUNAR- OG AFRITUNARKERFUM EF ÞAÐ KEMUR TIL: (1) TRUFLANA Á NOTKUN EÐA ÞJÓNUSTU, EÐA (2) VANDRÆÐA EÐA VILLNA Í GAGNAFLUTNINGI. ÞÚ SAMÞYKKIR AÐ TILKYNNNA RIM UMSVIFALAUST UM ÞANNIG MÁL OG AÐ DRAGA UMSVIFALAUST SEM MEST ÚR ÖLLU TJÓNI EÐA SKEMMDUM.

Hugbúnaður.

- (i) Sú staða getur komið upp að hugbúnaðurinn, sem þér var fenginn til afnota af RIM eða einhverjum viðurkenndum dreifingaraðila RIM, getur á næsta níutíu (90) daga tímabili eftir afhendingu hugbúnaðarins til þín (á „ábyrgðartímabilinu”) ekki skilað þeirri virkni sem lýst er í tæknilýsingu hugbúnaðarins (sem sjá má á <http://www.blackberry.com/legal/index.shtml>) þegar hann er notaður í samræmi við lýsingar RIM í þeirri skjalfestingu eins og á við um viðkomandi tegund og útgáfu hugbúnaðarins í tengslum við óbreytta hluta BlackBerry lausnarinnar. Þá getur þú valið um tvennt. Annað hvort ber RIM að gera sanngjarnar tilraunir til þess að leiðrétta þetta eða

benda þér á leið til þess að vinna þig út úr viðkomandi vandamáli (en það má bjóða þér þá viðgerð eða lausn að sanngjörnu vali RIM í einni af mörgum mögulegum myndum, til dæmis sem stuðning við viðskiptavin um síma, almenna útgáfu af leiðréttingu á hugbúnaði, á vefsetri RIM eða á einhverju öðru formi sem RIM nýtir til þess að ráðleggja þér). Hin leiðin er að bjóða þér endurgreiðslu á þeirri greiðslu sem þú inntir af hendi fyrir notkun hugbúnaðarins, að því tilskildu að þeim miðli sem hugbúnaðurinn var afhentur þér á og öllum umbúðum honum tengdar sé skilað til RIM í samræmi við almenna ábyrgð vegna skila á vöru (sem gæti gerst hjá þínum þjónustuveitanda þráðlauss sambands ef við á, eða á sölustað) áður en ábyrgðartíminn rennur út ásamt sönnun um kaup.

- (ii) Það sem hér kom fram að framan er eina skuldbinding RIM og úrræði þín eru einskorðuð við þessa einu lausn vegna allra galla, villna eða vandamála sem fram gætu komið við notkun þína á hugbúnaðinum.
- (iii) Áðurnefnd skuldbinding gildir ekki ef hugbúnaðurinn virkar ekki í samræmi við tæknilýsingar vegna þess að: (A) notkun hugbúnaðarins er ekki í samræmi við skyldur þínar eins og þær koma fram í 2., 4., 5., 6., 10., 12. og 14. ákvæði sammings þessa eða hún er ekki í samræmi við þær leiðbeiningar, þar með taldar öryggisleiðbeiningar, sem skilgreindar eru af RIM í skjalfestingu þeirri sem á við sértæka gerð og útgáfu hugbúnaðarins, eða (B) vegna bilunar eða annarra vandamála sem rekja má til vélbúnaðar (þar með talin þau sem rekja má til gallaðra handtölva frá þriðja aðila), netkerfa, hugbúnaðar eða fjarskiptakerfa annarra en annarra hluta af BlackBerry lausn, eða (C) vegna allra annarra utanaðkomandi ástæðna sem hafa áhrif á hugbúnaðinn, þar með talinn sá miðill sem hugbúnaðurinn er afhentur á. Þar má til dæmis nefna slys, náttúruhamfarir, losun stöðurafmagns, eldsvoða, flóð, eldingar, vatn eða vinda, misnotkun eða galla sem rekja má til viðgerða eða breytinga einhvers sem ekki er viðurkenndur af RIM.

(iv) Þetta ákvæði lýsir einu úrræðum þínum með tilliti til hugbúnaðarins og allra brota á þeim ábyrgðarskilmálum sem fram koma í samningi þessum.

Vara/vörur. Hin takmarkaða ábyrgð (“takmörkuð ábyrgð”), sé hún til staðar, á vöru(m) frá RIM kemur fram í viðeigandi skjalfestingu. Hin takmarkaða ábyrgð er eina ábyrgðin á öllum vörum frá RIM sem seld eru samkvæmt skilmálum samnings þessa og lýsir einu úrræðum þínum með tilliti til vara frá RIM og allra brota á þeirri takmörkuðu ábyrgð. Vísað er til skilmála í 25. ákvæði samnings þessa með skírskotun til ákvæða hinnar takmörkuðu ábyrgðar. Þú smellir á hnappinn hér fyrir neðan til þess að samþykkja þetta og staðfestir um leið að þú hafir kynnt þér hina takmörkuðu ábyrgð og samþykkir skilmála hennar.

Þjónusta.

(v) ÖLL ÞJÓNUSTA RIM, NEMA AÐ ÞVÍ MARKI SEM MÆLT ER FYRIR UM Í VIÐEIGANDI LÖGUM Í UMDÆMI ÞÍNU, ER VEITT EÐA GERÐ AÐGENGILEG „EINS OG HÚN ER” OG „EINS OG HÚN ER FÁANLEG” OG ÁN SKILYRÐA, FRAMSALS, ÁBYRGÐAR, UMBOÐS EÐA SKAÐABÓTAÁBYRGÐAR RIM AF NEINU TAGI.

(vi) RIM HEFUR EKKI VALD Á NEINNI ÁBYRGÐ EÐA ANNARRI SAMBÆRILEGRI TRYGGINGU VEGNA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA OG GETUR EKKI BOÐIÐ HANA, NEMA AÐ ÞVÍ MARKI SEM MÆLT ER FYRIR UM Í VIÐEIGANDI LÖGUM Í UMDÆMI ÞÍNU, OG ÞVÍ ER ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA VEITT EÐA GERÐ AÐGENGILEG „EINS OG HÚN ER” OG „EINS OG HÚN ER FÁANLEG” OG ÁN SKILYRÐA, FRAMSALS, ÁBYRGÐAR, UMBOÐS EÐA SKAÐABÓTAÁBYRGÐAR RIM AF NEINU TAGI.

(vii) RIM ÁBYRGIST EKKI ÓTRUFLAÐA NOTKUN EÐA STARFRÆKSLU NEINNAR ÞJÓNUSTU, ÁFRAMHALDANDI AÐGENGIS AÐ NEINNI ÞJÓNUSTU EÐA AÐ NEITT AF ÞVÍ EFNIS SEM

SENT ER TIL ÞÍN EÐA FRÁ ÞÉR SÉ NÁKVÆMT, SENT Í ÓSKEMMDU FORMI EÐA INNAN SANNGJARNS TÍMAFRESTS.

Efni, hugbúnaður, þjónusta og vefsetur þriðja aðila. ALLT EFNI FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, HUGBÚNAÐUR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA OG AÐGENGI AÐ TENGDUM VEFSETRUM OG ÖÐRUM VEFSETRUM ER GERT AÐGENGILEGT „EINS OG ÞAÐ ER” OG „EINS OG ÞAÐ ER FÁANLEGT” NEMA AÐ ÞVÍ MARKI SEM MÆLT ER FYRIR UM Í VIÐEIGANDI LÖGUM Í UMDÆMI ÞÍNU. RIM BER ENGA ÁBYRGÐ AÐ NEINU TAGI GAGNVART ÞÉR EÐA NEINUM ÞRIÐJA AÐILA SEM LEGGUR KRÖFU FRAM MEÐ ÞÉR EÐA UM ÞIG UM NEITT ÞAÐ MÁL SEM TENGIST ÞESSUM TENGDU KRÆKJUM, ÖÐRUM VEFSETRUM, EFNI FRÁ ÞRIÐJA AÐILA EÐA HUGBÚNAÐI FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, ÞAR MEÐ TALIÐ ÁN TAKMARKANA: (A) NÁKVÆMNI, GAGNAFLUTNINGUR, STUNDVÍSI EÐA SAMFELT AÐGENGI AÐ ÞJÓNUSTU ÞANNIG ÞRIÐJA AÐILA, HUGBÚNAÐI ÞRIÐJA AÐILA EÐA EFNI FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, (B) AFKLÖSTU EÐA SKORTUR Á AFKÖSTUM HUGBÚNAÐAR FRÁ ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA, EÐA (C) GAGNKVÆM VIRKNI ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA EÐA HUGBÚNAÐAR ÞRIÐJA AÐILA MEÐ BLACKBERRY LAUSN Í HEILD SINNI EÐA AÐ HLUTA TIL. ÞÚ SAMÞYKKIR SÉRSTAKLEGA AÐ RIM BER EKKI ÁBYRGÐ Á EÐA ER ÁBYRGT FYRIR NEINUM TÖLVUVEIRUM EÐA NEINU ÖÐRU ÞVÍ EFNI ÞRIÐJA AÐILA SEM ÓGNAR, ER ÆRUMEIÐANDI, KLÁMFENGIÐ, SVIKSAMLEGT, MÓÐGANDI EÐA ÓLÖGLEGT. SAMA GILDIR UM EFNI SEM BRÝTUR Í BÁGA VIÐ ALLAN HUGVERKAEIGNARRÉTT ÞRIÐJA AÐILA EÐA MIÐLUN ÞESS. EF ÞÚ GERIR KRÖFUR VEGNA EINHVERS HUGBÚNAÐAR ÞRIÐJA AÐILA, ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA EÐA EFNIS ÞRIÐJA AÐILA HEFUR ÞÚ UM ÞAÐ EITT AÐ RÆÐA AÐ BEINA SPJÓTUM ÞÍNUM AÐ VIÐEIGANDI ÞRIÐJA AÐILA.

19. Engin önnur ábyrgð.

- (a) SÚ ÁBYRGÐ SEM SKILGREIND ER ÍTARLEGA Í SAMNINGI ÞESSUM KEMUR Í STAÐ ALLRAR ANNARRAR ÁBYRGÐAR, TÚLKUNAR, SKILYRÐA, ÁBYRGÐAR EÐA TRYGGINGA AF ÖLLU TAGI, BÆÐI YFIRLÝSTAR OG INNIFALDAR, AÐ ÞVÍ MARKI SEM MÆLT ER FYRIR UM Í VIÐEIGANDI LÖGUM. HÚN FELUR Í SÉR EN TAKMARKAST EKKI VIÐ TÚLKUN, ÁBYRGÐ, FRAMSAL, TRYGGINGAR EÐA SKILYRÐI SÖLUHÆFIS (MERCHANTABILITY), GÆÐI SÖLUHÆFNI, HVORT VARAN HENTAR ÁKVEÐNUM TILGANGI EÐA NOTKUN, FULLNÆGJANDI GÆÐI, ENDINGU, HEITI, VIRKNI ÁN LÖGBROTA (NON-INFRINGEMENT), EÐA ANNAÐ SEM RÍS AF LAGABOÐUM, TOLLALÖGUM EÐA VIÐSKIPTA- OG VERSLUNARHÁTTUM. SAMA MÁLI GEGNIR UM ALLA AÐRA ÁBYRGÐ, UMBOÐ, SKILMÁLA, FRAMSAL EÐA TRYGGINGAR AF ÖLLU TAGI, BÆÐI YFIRLÝSTAR OG INNIFALDAR AÐ ÞEIM ER HAFNAÐ OG ÞÆR ERU ÚTILOKAÐAR AÐ HÁMARKI MIÐAÐ VIÐ ÞAÐ SEM MÆLT ER FYRIR UM Í VIÐEIGANDI LÖGUM. LÖG UM SÖLU Á VARNINGI TIL VIÐSKIPTAVINA NO. 48/2003 („LÖG UM VIÐSKIPTAHÆTTI”) Á EINUNGIS VIÐ UM GALLA Í FRAMLEIÐSLU SEM FJALLAÐ ER UM Í LÖGUM UM SÖLU Á VARNINGI TIL VIÐSKIPTAVINA, AÐ HÁMARKI MIÐAÐ VIÐ ÞAÐ SEM MÆLT ER FYRIR UM Í VIÐEIGANDI LÖGUM. ÞAU MÁ EKKI TÚLKA ÞANNIG AÐ ÞEIM SÉ BEITT VEGNA ANNARRA ÞÁTTA BLACKBERRY LAUSNAR EÐA NEINNA ANNARRA BILANA EÐA GALLA Í ÞVÍ HVERNIG RIM SINNIR SKYLDUM SÍNUM SAMKVÆMT SAMNINGI ÞESSUM.

- (b) Í LÖGUM SUMRA RÍKJA ER BANNAÐ AÐ ÚTILOKA ÁKVEDNA ÁBYRGÐ, SKILMÁLA, FRAMSAL, TRYGGINGAR EÐA TÚLKUN Í SAMNINGUM VIÐ NEYTENDUR OG ÞESS VEGNA GÆTI VERIÐ AÐ ÞESSAR ÚTILOKANIR ÆTTU EKKI VIÐ UM ÞIG. SAMNINGUR ÞESSI ÚTILOKAR EKKI ÞAU RÉTTINDI SEM ÞÚ NÝTUR SAMKVÆMT LÖGBOÐNUM LAGABÓKSTAF. ÞÚ NÝTUR VÍÐTÆKRA RÉTTINDA SAMKVÆMT LÖGUM UM VIÐSKIPTAHÆTTI, AÐ ÞVÍ TILSKILDU AÐ ÞÚ SÉRT „NEYTANDI“ EINS OG ÞAÐ HUGTAK ER SKILGREINT Í LÖGUM UM VIÐSKIPTAHÆTTI. ÁKVÆÐI SAMNINGS ÞESSA TAKMARKA ENGIN ÞEIRRA RÉTTINDA SEM ÞÉR ERU TRYGGÐ Í LÖGUM UM VIÐSKIPTAHÆTTI EÐA ÖÐRUM LAGABÓKSTAF, AÐ ÞVÍ MARKI SEM EKKI ER HÆGT AÐ ÚTILOKA ÞANN LAGABÓKSTAF MEÐ SAMNINGI.

20. Takmörkun ábyrgðar.

Í 18. ákvæði er fjallað um alla ábyrgð RIM og þín einu úrræði þegar hugbúnaðurinn uppfyllir ekki takmarkaða ábyrgð RIM.

RIM getur ekki undir neinum kringumstæðum borið ábyrgð gagnvart þér fyrir neinar óbeinar, sérstakar, afleiddar, tilfallandi skemmdir, varnaðar- eða refsingarskemmdir, jafnvel þótt RIM hafi verið tilkynnt um möguleika á þannig skemmdum. RIM tekur einkum, og án þess að takmarka almennt inntak þess sem á undan er komið, ekki á sig neina ábyrgð á neinum forritum eða gögnum sem búin eru til, send eða vistuð með hugbúnaðinum. Það ábyrgist heldur ekki kostnað við að bjarga eða skipta út þannig forritum eða gögnum, tap á viðskiptahagnaði eða tekjum, tap á sparifé, truflanir á viðskiptum, útgjöld vegna niðritíma, vandræði við að senda eða taka við gögnum, vanda vegna tækjabúnaðar eða hugbúnaðar þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila sem nýtt er í tengslum við hugbúnaðinn eða aðra hluta af BlackBerry lausn.

**Í SUMUM RÍKJUM ER EKKI LEYFILEGT AÐ TAKMARKA AFLEIDDAN EÐA ÓBEINAN SKAÐA Í SAMNINGUM VIÐ NEYTEDUR SVO VERIÐ GÆTI AÐ ÁÐURGREINDAR TAKMARKANIR EIGI EKKI VIÐ UM ÞIG.**



Samanlögð ábyrgð RIM skal ekki undir neinum kringumstæðum fara fram úr þeirri upphæð sem þú hefur greitt fyrir vöruna/vörunar frá RIM og/eða fyrir þann hluta hugbúnaðarins (eftir því hvernig málið er vaxið) sem er orsök kröfunnar. RIM skal einungis bera ábyrgð á skemmdum sem áttu sér stað á meðan sú bilun, seinkun eða skortur á virkni BlackBerry lausnarinnar átti sér stað.

Ekkert í ákvæði þessu takmarkar ábyrgð RIM gagnvart þér við: (i) dauða eða líkamlegt tjón að því marki sem það er bein afleiðing vanrækslu RIM eða starfsfólks þess eða umboðsmanna, eða (ii) vegna allra sviksamlegra aðgerða eða vanrækslu af hálfu RIM eða starfsfólks þess eða umboðsmanna.

HVER AÐILI BER ÁBYRGÐ GAGNVART ÖÐRUM AÐEINS EINS OG SKÝRT ER TEKID FRAM Í SAMNINGI ÞESSUM EN HEFUR AÐ ÖÐRU LEYTI ENGAR SKULDBINDINGAR EÐA BER SKYLDUR EÐA ÁBYRGÐ AÐ NEINU TAGI, HVORT SEM UM ER AÐ RÆÐA Í SAMNINGI, MISGERÐ EÐA ANNAÐ. TAKMARKANIR, ÚTILOKANIR OG RIFTUNARÁKVÆÐI SAMNINGS ÞESSA SKULU: (i) EIGA VIÐ UM EÐLI ÁSTÆÐU ÞESS AÐ GRIPID ER TIL AÐGERÐA, KRÖFU EÐA AÐGERÐA ÞINNA. ÞAR ER MEÐ TALID EN UPPTALNINGIN TAKMARKAST EKKI VIÐ SAMNINGSROF, VANRÆKSLU, MISGERÐ, ALGJÖRA ÁBYRGÐ EÐA ALLA AÐRA LÖGBUNDNA ÞÆTTI, (ii) GETA GILDT ÁFRAM ÞRÁTT FYRIR GRUNDBALLARBROT EÐA ÞAÐ AÐ MISTAKAST AÐ UPPFYLLA LYKILTILGANG SAMNINGS ÞESSA EÐA ÞEIRRA ÚRRÆÐA SEM Í HONUM FELAST, (iii) EKKI EIGA VIÐ UM SKAÐABÓTASKYLDUR SEM FRAM KOMA Í SAMNINGNUM EÐA MISNOTKUN EÐA BROTT HVORS AÐILANS SEM ER Á HUGVERKAEIGN HINS AÐILANS EÐA BROTT GEGN 2., 4., 5., 6., 12. OG 14. ÁKVÆÐI.

ENGINN STJÓRNANDI, YFIRMAÐUR, STARFSMAÐUR, UMBOÐSMAÐUR, DREIFINGARAÐILI, BIRGIR, SJÁLFSTÆÐUR VERKTAKI, ARFTAKI EÐA FULLTRÚI RIM EÐA NEINS DÓTTURFYRIRTÆKIS RIM SKAL BERA

ÁBYRGÐARSKYLDU SEM RÍS AF SAMNINGI ÞESSUM EÐA ER TENGÐ  
HONUM.

ENGU Í SAMNINGI ÞESSUM ER ÆTLAÐ AÐ LEYSA AF HÓLMI NEITT  
ÓTVÍRÆTT SKRIFLEGT SAMKOMULAG EÐA ÁBYRGÐ SEM VEITT ER  
AF RIM VEGNA HLUTA AF BLACKBERRY LAUSN ANNARS EN  
HUGBÚNAÐAR.

21. Samþykki um að safna upplýsingum. Þú gefur RIM persónulegar upplýsingar sem gætu falið í sér án takmarkana nafn þitt, netfang og símanúmer með því að nota BlackBerry lausn og/eða þjónustu. Með því samþykkir þú að leyfa RIM að safna, nota, vinna úr, miðla og/eða gefa þannig upplýsingar. Það gæti einnig falið í sér að nota, vinna úr, miðla og/eða gefa þannig upplýsingar til þíns þjónustuveitanda þráðlauss sambands og/eða innan einhvers fyrirtækis í RIM samstæðunni sem staðsett er í landi eða á landsvæði innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins (a) fyrir innanhússnotkun RIM samstæðunnar, (b) í hvaða tilgangi sem vegna ráðstafana og/eða notkunar þinnar á BlackBerry lausn og/eða skyldum vörum og/eða þjónustu (þar með talin þjónustan), (c) að fá þér í hendur uppfærslur eða endurnýjanir á hugbúnaðinum og/eða skyldum vörum og/eða þjónustu (þar með talin þjónustan), (d) alla þó þjónustu sem öll viðeigandi lög leyfa eða krefjast, og/eða (e) vegna hvers þeirra ástæðna sem fram eru settar í friðhelgistefnu RIM (**privacy policy**) en hana er að finna á <http://www.blackberry.com/uk/legal/index.shtml>. Það er í fullu samræmi við friðhelgistefnu RIM, viðeigandi lög um gagnavernd og skráningareyðublað RIM vegna gagnaverndarlaganna frá 1998 að safna, nota, vinna úr, miðla og/eða gefa persónulegar upplýsingar um þig í ofangreindum tilgangi. RIM áskilur sér rétt til þess að breyta friðhelgistefnu sinni frá einum tíma til annars og algjörlega að eigin vild og þú samþykkir að fara reglulega yfir friðhelgistefnu RIM til þess að kynna þér allar uppfærðar upplýsingar. Ef þinn þjónustuveitandi þráðlauss sambands fær gefnar upp persónubundar upplýsingar þínar gildir friðhelgistefna þíns þjónustuveitanda þráðlauss sambands um það.
22. Úthlutun og framsal verkefna. RIM getur framselt samning þennan að því tilskildu að það framsal sé með skilmálum sem eru að minnsta kosti jafn hagstæðir þér og fram kemur í samningi þessum. Þú getur ekki framselt samning þennan í heilu lagi eða að hluta til án fyrir fram skriflegs leyfis RIM (RIM getur að eigin vild neitað að láta þannig samþykki af hendi eða sett skilyrði) og öll framsöl sem Rim hefur ekki fyrir fram gefið skriflegt leyfi fyrir skulu vera ónýtt og ógild. RIM gæti sinnt beint öllum þeim skyldum sem samningur þessi felur því eða fengið verktaka eða undirverktaka til að sinna sumum þeirra eða þeim öllum og/eða þjónustuveitanda þráðlauss sambands, dótturfyrirtæki sitt eða tengd fyrirtæki hvað þráðlausa þjónustu varðar.

23. Tilkynningar. Það er metið svo að allar tilkynningar og önnur skilaboð samkvæmt samningi þessum hafi verið gefin á fullnægjandi hátt, nema annað sé tekið fram í samningnum, séu þau gerð skrifleg og afhent persónulega, með sendli eða send með frímerktum pósti, í ábyrgðarpósti eða sambærilegu, að farið sé fram á kvittun fyrir endursendingu og með þinni póstarsítu á því reikningsheimilisfangi sem þú gafst RIM, og sent til Research In Motion UK Limited, 36 Station Road, Egham, Surrey, UK, TW20 9LF með afriti (sem ekki jafngildir tilkynningu) til framleiðslustjóra RIM á sama heimilisfangi. Til viðbótar ofangreindu gæti RIM valið að senda þér hvaða tilkynningu sem er rafrænt samkvæmt samningi þessum. Það skal metið svo að þú hafir fengið á fullnægjandi hátt rafræna tilkynningu þegar hún hefur verið send á tölvupóstfang það sem þú gafst RIM.
24. Ófyrirsjáanlegar aðstæður. Þrátt fyrir öll önnur ákvæði samnings þessa skal hvorugur aðilinn talinn hafa brotið gegn honum þrátt fyrir að geta ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt honum þegar um er að ræða óviðráðanlegar ástæður eða neyðartilvik (þar með talin án takmarkana ef þjónustuveitandi þráðlauss sambands veitir þér þráðlausa þjónustu um RIM og viðkomandi þjónustuveitandi þráðlauss sambands hættir að veita RIM þráðlausa þjónustu eða hættir að veita RIM þráðlausa þjónustu á viðskiptalega viðunandi kjörum). Ekki má túlka þetta ákvæði sem afsökun á því að standa ekki skil á hverri skyldu hvors aðila um sig til þess að greiða hinum aðilanum samkvæmt samningi þessum.
25. Almennt.
- Greiðsluþegar þriðja aðila. Hver sem er af greiðsluþegum RIM getur vísað til 2. ákvæðis (g) í samningi þessum eins og þeir væru aðilar að honum, í samræmi við þetta ákvæði og ákvæði samningsins (Réttindi þriðja aðila) í lögum 1999. Greiðsluþegar RIM eru ætlaðir greiðsluþegar þriðja aðila í 20. ákvæði (g). Sérhver sá einstaklingur sem ekki er aðili að þessum samningi hefur engin réttindi samkvæmt áður nefndum lögum, nema það sé sérstaklega tekið fram í samningi þessum.

Afsal vegna vanrækslu. Afsal hvors samningsaðila sem er vegna hvaða vanrækslu sem er af hálfu hins samningsaðilans skal ekki metið sem varanlegt afsal vegna þeirrar vanrækslu eða sem afsal vegna neinnar annarrar vanrækslu.

Gildistími fram yfir lok samnings (Survival). Þeir skilmálar, skilyrði og ábyrgðir sem er að finna í samningi þessum og eru í anda og samhengi til þess ætlaðir að gilda lengur en annar eða báðir samningsaðilar framfylgja samningnum skulu gilda fram yfir samningstímann, uppsögn hans eða slit.

Gildandi lög. Samningur þessi er unninn og túlkaður samræmi við lög í Englandi og Wales, að undanteknum öllum löggerningum sem fjalla um lagalegan ágreining. Samningsaðilar samþykkja að Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja (United Nations Convention on Contracts for the International Sale of Goods) sé hér með í heild sinni útilokaður frá því að gilda um samning þennan.

Gerðardómur. Rísi ósætti eða ágreiningur af samningi þessum eða í tengslum við hann eða sé brotið gegn honum þannig að samningsaðilar séu ófærir um að leysa hann þrátt fyrir samninga í góðri trú, skal byrjað á því að vísa honum til æðri yfirstjórnar samningsaðila. Fulltrúar yfirstjórnar samningsaðila skulu hittast innan þrjátíu (30) daga eftir að ágreiningnum var vísað til þeirra og ef samningsaðilar eru ófærir um að leysa ósættið eða ágreininginn innan þrjátíu (30) daga eftir þann fund ber að vísa málinu til endanlegs og bindandi gerðardóms sem kemur saman í London á Englandi í samræmi við gerðardómsreglur alþjóðlega verslunarráðsins („reglur“). Um málið skal fjalla einn gerðardómari sem tilnefndur er í samræmi við fyrrnefndar reglur og sem samningsaðilar samþykkja báðir innan þrjátíu (30) daga frá því að gerðardómari var tilnefndur. Mistakist það skal gerðardómari tilnefndur af forseta Bresku tölvusamtakanna (British Computer Society) (eða einstaklingi sem forsetinn tilnefnir sérstaklega til þess fyrir sína hönd) eftir umsókn hvors samningsaðila sem er. Ef ráðstafanir þær sem hér hefur verið greint frá að framan eru bannaðar með lögum í þínu umdæmi ber að halda gerðardóm í: (i) Reykjavík á Íslandi, (ii) skera úr málinu með gerðardómi í samræmi við Lög

um samningsbundinn gerðardóm nr. 53/1989 (Act on Contractual Arbitration No. 53/1989 - „gerðardómslögin”), og (iii) að fjalla um málið af einum gerðardómara sem tilnefndur er í samræmi við gerðardómslögin og sem samningsaðilar samþykkja báðir innan þrjátíu (30) daga frá því að gerðardómarinn var tilnefndur. Takist það ekki skal hlutlaus þriðji aðili tilnefna gerðardómarann. Hvor aðili um sig skal bera helming þess kostnaðar sem verður til við gerðardómsferlið. Ekki má sameina eða fella saman neinn ágreining á milli samningsaðila, eða ágreining sem varðar einhvern annan einstakling en þig, án fengins skriflegs samþykkis RIM. Niðurstöðu þeirri um bótafjárhæð sem gerðardómari kemst að má vísa til hvaða dómstóls sem er sem hefur lögsögu í málinu. Þrátt fyrir það sem á undan er komið hefur RIM rétt til þess að stofna til lagalegrar eða fjárhagslegrar málshöfðunar, þar með talin málshöfðun vegna lögbanns (**injunctive relief**) fyrir dómstól vegna krafna og ágreinings sem varða: (1) fjárupphæðir sem þú skuldar RIM í tengslum, við kaup þín á BlackBerry lausn eða hluta hennar, ef við á, og (2) brot þín eða brot sem vofa yfir gegn 2., 4., 5., 6., 10., 12., 14., 15. og 16. ákvæði samnings þessa. Þú afsalar þér óafturkræft öllum andmælum vegna vals á dómstól, óheppilegs dómsstaðar (**forum non conveniens**) og allra annarra sambærilegra ástæðna og samþykkir óafturkræft að fá upplýsingar um málið í pósti eða á hvaða annan hátt sem er eins og viðeigandi lög segja til um. Þú samþykkir einnig óafturkræft og viðurkennir lögsögu dómstóla á Englandi, eftir því sem við á, um allar þær kröfur sem rísa af samningi þessum eða eru tengdar honum. Samningsaðilar samþykkja sérstaklega að komi til þess að ágreiningur rísi vegna samningsins og að leysa eigi úr honum fyrir dómstólum, að ekki skuli skorið úr þeim ágreiningi af kviðdómi.

Gildi samnings í heild enda þótt einstök ákvæði reynist ógild (**Severability**). Jafnvel þótt einstök ákvæði samnings þessa verði metin ógild eða óframkvæmanleg hefur það ekki í för með sér að samningurinn í heild sinni verði ógildur og óframkvæmanlegur heldur fremur (nema að það leiði til þess að annar hvor samningsaðilinn getur ekki staðið við samninginn þess vegna) ber að túlka samninginn í heild sinni eins og hann innihéldi ekki þessi sérstöku ógildu eða

óframkvæmanlegu ákvæði og réttindi og skyldur samningsaðila skulu túlkaðar og þeim framfylgt í samræmi við það.

Tungumál. Sé samningur þessi þýddur á annað tungumál en ensku ræður enska útgáfan af því marki sem um verður að ræða ágreining eða misræmi í merkingu á milli ensku útgáfunnar og hvaða þýðingar á henni sem er. Allur ágreiningur, ósætti, sáttumleitanir, gerðardómur eða málarekstur tengdur samningi þessum skal fara fram á enskri tungu, nema og því aðeins að því marki sem það er bannað með lögum í umdæmi þínu. Þar eru með talin án takmarkana öll bréfaskipti, framlagning skjala fyrir dómi, samþykki um að leggja mál í gerðardóm, skjalavarsla, munnlegur málflutningur, samantekt, munnleg samantekt, tilskipanir og dómar.

26. Ósamræmi. Sé um eitthvert ósamræmi að ræða á milli samnings þessa og einhvers hugbúnaðarleyfis eða notendasamnings sem fylgir umbúðum með hvaða hluta af BlackBerry lausn sem er skulu ákvæði samnings þessa eiga við eftir því sem ósamræmið er fyrir hendi. Sé um að ræða ósamræmi á milli samnings þessa og einhvers hugbúnaðarleyfis eða notendasamnings sem fylgir í tengslum við hvaða uppfærslu og endurnýjun sem er á hugbúnaðinum skulu ákvæði leyfis þessa eða notandasamnings eiga við eftir því sem ósamræmið er fyrir hendi. Sé um að ræða ósamræmi á milli skjalfestingar sem fylgir umbúðum með hvaða hluta af BlackBerry lausn sem er og „Uppsetningar- og Notkunarleiðbeiningar” eða “Notkunarleiðbeiningar” sem finna má á [www.blackberry.com](http://www.blackberry.com) fyrir viðeigandi RIM vöru eða hugbúnaðarþátt, þá skulu ákvæði „Uppsetningar- og Notkunarleiðbeininga” eða “Notkunarleiðbeininga” á [www.blackberry.com](http://www.blackberry.com) eiga við eftir því sem ósamræmið er fyrir hendi.
27. Samningurinn í heild sinni. Þessi samningur er heildarsamningur á milli samningsaðila hvað varðar það mál sem til umfjöllunar er og ógildir og leysir þar að auki af hólmi allt fyrra samkomulag og samninga á milli samningsaðila. Þrátt fyrir það sem hér segir að ofan gætu aðrir samningar samningsaðila náð til notkunar á öðrum þáttum BlackBerry lausna. Samningsaðilar gera engar aðrar ráðstafanir, túlkun, skuldbindingar, samkomulag eða veðbundið samkomulag en það sem fjallað er um í samningi þessum. Þú staðfestir þar að auki að engar yfirlýsingar eða túlkanir hafa verið lagðar fram af RIM eða af hálfu fyrirtækisins til þín við það að þú samþykkir að gera þennan samning.